

13. október 2022

## UMBOÐSSAMNINGUR

milli

**Kröfuhafa,**

*í flokki REGINN181037 GB*

**Reginn hf.**

og

**Íslög ehf.**

---

100.000.000.000 KR. ÚTGÁFURAMMI REGINN HF.  
ALMENNT TRYGGINGAFYRIRKOMULAG

---

*AS OR*

## EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR.....	1
2. SKILGREININGAR .....	1
3. STAÐA OG HÆFI UMBOÐSMANNS KRÖFUHAFÁ.....	2
4. HLUTVERK OG SKYLDUR UMBOÐSMANNS KRÖFUHAFÁ .....	3
5. HVENÆR SKAL BOÐA TIL KRÖFUHAFAFUNDA .....	4
6. BOÐUN KRÖFUHAFAFUNDA.....	5
7. TILHÖGUN KRÖFUHAFAFUNDA.....	5
8. ATKVÆÐISRÉTTUR Á KRÖFUHAFAFUNDUM.....	5
9. ÁKVARÐANATAKA Á KRÖFUHAFAFUNDUM .....	6
10. BREYTINGAR Á UMBOÐSMANNI KRÖFUHAFÁ .....	6
11. SKAÐABÓTAÁBYRGÐ .....	7
12. TRÚNAÐUR.....	8
13. BREYTINGAR OG TILKYNNINGAR .....	8
14. ÞÓKNUN UMBOÐSMANNS KRÖFUHAFÁ .....	8
15. LÖG OG VARNARÞING.....	9
16. GILDISTÍMI .....	9
17. ANNAÐ .....	9
VIÐAUKI I.....	11

**Samningur þessi er gerður þann 13. október 2022 („samningurinn“) og er á milli:**

- 1) Þeirra aðila sem eru skráðir eigendur verðbréfanna, í samræmi við lög nr. 7/2020, um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerna („kröfuhafar“);
- 2) Reginn hf., kt. 630109-1080, Hagasmára 1, 201 Kópavogur („útgefandi“); og
- 3) Íslög ehf., kt. 690312-1150, Ránargötu 18, 101 Reykjavík („umboðsmaður kröfuhafa“).

## **1. INNGANGUR**

- 1.1. Samningur þessi er gerður í tengslum við útgáfu flokks verðbréfa í flokki REGINN181037 GB sem gefin verða út í október 2022 að fjárhæð kr. 7.700.000.000, undir almenna tryggingafyrirkomulaginu, undir allt að 100.000.000.000 kr. útgáfuramma útgefanda, sbr. grunnlýsingu sem dagsett er 14. júlí 2022 („verðbréfin“).
- 1.2. Í grunnlýsingunni er kveðið á um að skipa skuli óháðan umboðsmann kröfuhafa, fyrir hvern útgefinn verðbréfaflokk sem hefur það meginhlutverk að gæta hagsmuna þeirra eigenda verðbréfa sem gefin verða út undir viðkomandi flokki, og koma fram fyrir hönd þeirra.
- 1.3. Með samningi þessum er skipaður umboðsmaður kröfuhafa fyrir verðbréfin og undirgengst umboðsmaður kröfuhafa að gegna þeim skyldum sem honum eru faldar í samningi þessum og sem leiða af skilmálum verðbréfanna og grunnlýsingunni.
- 1.4. Umboðsmaður kröfuhafa er í upphafi ráðinn af útgefanda. Starfsskyldur umboðsmanns kröfuhafa eru þó alfarið gagnvart kröfuhöfum, og öðrum sem eiga kröfur sem tryggðar eru samkvæmt almenna tryggingafyrirkomulaginu. Útgefandi hefur ekkert boðvald yfir umboðsmanni kröfuhafa og er ekki heimilt að hafa áhrif á störf hans eða skipun, nema að svo miklu leyti sem sérstaklega er kveðið á um slíkt í samningi þessum.
- 1.5. Sami umboðsmaður kröfuhafa skal vera fyrir alla kröfuhafa verðbréfanna og skal hann gæta hagsmuna allra kröfuhafa jafnt.

## **2. SKILGREININGAR**

Í þessum samningi skulu eftirfarandi hugtök hafa eftirfarandi merkingu:

„**Aðildaryfirlýsing**“ merkir yfirlýsingu um aðild nýs umboðsmanns kröfuhafa að samningi þessum sem er viðauki við samning þennan.

„**Almenna tryggingarfyrirkomulagið**“ merkir það fyrirkomulag trygginga sem stofnað var til þann 9. maí 2017 með undirritun veðhafasamkomulags og samnings við staðfestingaraðila og útgáfu tryggingarbréfsins, með síðari breytingum.

„Fjármögnunarskjöl“ merkir verðbréf, skilmála þeirra, veðskjöl og eftir atvikum önnur lánaskjöl sem kunna að verða felld undir almenna tryggingafyrirkomulagið.

„Grunnlýsingin“ merkir grunnlýsingu útgefanda vegna útgáfurammans, dags. 14. júlí 2022, ásamt viðaukum sem kunna að hafa verið gerðir við hana og með síðari breytingum, sem og grunnlýsingar og sambærileg skjöl sem gefin eru út í hennar stað vegna útgáfurammans.

„Samningur við staðfestingaraðila“ merkir samning við staðfestingaraðila, milli útgefanda, staðfestingaraðila og umboðsmanna kröfuhafa, dags. 9. maí 2017.

„Samstæðan“ merkir útgefanda og öll dótturfélög hans, eins og þau eru á hverjum tíma.

„Staðfestingaraðili“ merkir staðfestingaraðila eins og hann er skilgreindur í samningi við staðfestingaraðila.

„Tryggingarbréf“ merkir veðsamning-tryggingarbréf, dags. 10. maí 2017, að fjárhæð 120.000.000.000 kr., og sérhvert tryggingarbréf sem útgefandi og veðsalar gefa út og sem tryggir skilvísu og skaðlausa greiðslu fjármögnunarskjala samkvæmt almenna tryggingafyrirkomulaginu, með síðari breytingum.

„Útgáfuramminn“ merkir 100.000.000.000 kr. verðbréfaramma sem heimilar útgáfu verðbréfa á ákveðnu tímabili samkvæmt grunnlýsingunni.

„Veðgæsluaðili“ merkir veðgæsluaðila samkvæmt veðhafasamkomulaginu.

„Veðhafasamkomulagið“ merkir veðhafasamkomulag sem gert var á milli útgefanda, veðsala, veðgæsluaðila og umboðsmanna kröfuhafa, f.h. veðhafa, dags. 9. maí 2017, með síðari breytingum.

„Verðbréfaflokkur“ merkir þau verðbréf sem hafa sama auðkenni.

### 3. STAÐA OG HÆFI UMBOÐSMANNS KRÖFUHAFA

- 3.1. Umboðsmaður kröfuhafa skal vera óháður samstæðunni í störfum sínum fyrir kröfuhafa. Umboðsmaður kröfuhafa má ekki hafa starfað fyrir samstæðuna á síðustu tveimur árum, hvorki beint né óbeint, og er honum óheimilt taka að sér störf eða verkefni fyrir samstæðuna á gildistíma samnings þessa. Framangreint kemur ekki í veg fyrir að umboðsmaður kröfuhafa hafi með höndum hlutverk veðgæsluaðila eða hlutverk umboðsmanns kröfuhafa, enda eru skyldur umboðsmanns kröfuhafa sem umboðsmanns kröfuhafa og veðgæsluaðila í þágu kröfuhafa, en ekki samstæðunnar.
- 3.2. Umboðsmaður kröfuhafa skal búa yfir nægilegri þekkingu til að gegna starfinu. Umboðsmaður kröfuhafa skal vera lögmannsstofa, endurskoðunarskrifstofa, fjármálafyrirtæki eða annar aðili með sérþekkingu á viðkomandi sviði, með fullnægjandi þekkingu á fasteignum, verðbréfamarkaði og fjármögnun sambærilegra félaga og útgefanda og að öðru leyti með burði til að gegna hlutverkinu, meðal annars með tilliti til stærðar og rekstraröryggis.

- 3.3. Umboðsmaður kröfuhafa skal vera með fullnægjandi starfsábyrgðartryggingar gagnvart tjóni sem kann að hljóta af störfum hans, í samræmi við viðeigandi lög og reglur um starfsábyrgðartryggingu hverju sinni.
- 3.4. Umboðsmaður kröfuhafa og stjórnendur hans mega ekki á undanförunum fimm árum hafa verið lýstir gjaldþrota, leitað nauðasamninga eða heimildar til greiðslustöðvunar, eða hlotið dóm fyrir brot á lögum í tengslum við fyrirtækjarekstur.
- 3.5. Umboðsmaður kröfuhafa gerir sér grein fyrir því að verðbréf útgefanda eru skráð á skipulegum verðbréfamarkaði. Þær aðstæður geta því skapast að umboðsmaður kröfuhafa teljist búa yfir innherjaupplýsingum vegna framangreindra verðbréfa, sbr. meðal annars ákvæði laga nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 um markaðssvik. Umboðsmaður kröfuhafa skuldbindur sig til að vera upplýstur um slíkar reglur eins og þær eru á hverjum tíma og haga störfum sínum til samræmis við þær.

#### 4. HLOTVERK OG SKYLDUR UMBOÐSMANNS KRÖFUHAFA

- 4.1. Umboðsmaður kröfuhafa tekur hér með að sér að vinna þau störf umboðsmanns kröfuhafa sem tilgreind eru í samningi þessum og sem leiða af endanlegum skilmálum verðbréfanna og grunnlýsingunni. Umboðsmaður kröfuhafa hefur fullt og ótakmarkað umboð kröfuhafa til að annast þau verkefni sem honum eru fengin á grundvelli samnings þessa.
- 4.2. Hlutverk umboðsmanns kröfuhafa nær ekki til annarra atriða en samkvæmt grein 4.1. Við undirritun samnings þessa skal umboðsmaður kröfuhafa fá afrit af endanlegum skilmálum verðbréfanna og grunnlýsingunni.
- 4.3. Umboðsmaður kröfuhafa skal í störfum sínum gæta hagsmuna allra kröfuhafa gagnvart útgefanda, veðsölum, staðfestingaraðila og veðgæsluaðila. Jafnframt skal umboðsmaður kröfuhafa gæta þess í störfum sínum að mismuna ekki kröfuhöfum og að allir kröfuhafar njóti hlutfallslega jafns réttar innbyrðis.
- 4.4. Umboðsmaður kröfuhafa skal koma fram fyrir hönd kröfuhafa gagnvart útgefanda, veðsölum, veðgæsluaðila og staðfestingaraðila og annast öll samskipti við framangreinda aðila fyrir hönd kröfuhafa. Ef umboðsmaður kröfuhafa verður var við vanefnd útgefanda eða veðsala á skuldbindingum sínum samkvæmt fjármögnunarskjölum, skal hann senda áskorun til útgefanda um að bæta úr vanefnd innan tilskilins frests, ef við á. Verði ekki bætt úr vanefnd innan tilskilinna tímamarka, eða öðru leyti heimild er til þess að gjaldfella kröfur samkvæmt verðbréfunum, skal umboðsmaður kröfuhafa boða til kröfuhafafundar í samræmi við ákvæði samnings þessa.
- 4.5. Umboðsmaður kröfuhafa skal varðveita öll skjöl sem hann móttækur frá útgefanda, veðsölum, veðgæsluaðila og staðfestingaraðila á grundvelli samnings þessa, og framsenda til kröfuhafa til upplýsinga. Umboðsmanni kröfuhafa ber að ganga úr skugga um að farið sé að öllu leyti eftir viðkomandi reglugerðum og reglum

verðbréfamiðstöðvar þegar hann sendir tilkynningar eða upplýsingar til kröfuhafa. Umboðsmanni kröfuhafa ber ekki skylda til að staðreyna efni skjala nema sérstaklega sé kveðið á um slíkt í samningi þessum.

- 4.6. Umboðsmanni kröfuhafa skal vera heimilt að óska eftir og taka við upplýsingum frá verðbréfamiðstöð um kröfuhafa á hverjum tíma og afhenda útgefanda.
- 4.7. Hafi kröfuhafar tekið ákvörðun um að gjaldfella kröfur sínar skal umboðsmaður kröfuhafa fara eftir þeim fyrirmælum sem kröfuhafar samþykkja á kröfuhafafundi um mögulegar fullnustuaðgerðir og framkvæmd þeirra, í samræmi við ákvæði veðhafasamkomulagsins. Fjármunum sem umboðsmaður kröfuhafa móttekur á grundvelli fullnustuaðgerða skal ráðstafað til kröfuhafa í þeirri röð og með þeim hætti sem mælt er fyrir um í veðhafasamkomulaginu.
- 4.8. Umboðsmaður kröfuhafa skal grípa til viðeigandi ráðstafana verði hann var við að veðgæsluaðili eða staðfestingaraðili starfi ekki í samræmi við skyldur þeirra samkvæmt veðhafasamkomulaginu eða samningi við staðfestingaraðila. Umboðsmanni kröfuhafa ber þó ekki skylda til að hafa frumkvæði að sérstökum athugunum til að ganga úr skugga um slíkt.

## 5. HVENÆR SKAL BOÐA TIL KRÖFUHAFAFUNDA

- 5.1. Ef umboðsmaður kröfuhafa telur nauðsynlegt eða æskilegt að bera undir kröfuhafa málefni sem tengjast fjármögnunarskjölunum, samningi þessum, veðhafasamkomulaginu, samningi við staðfestingaraðila eða öðrum atriðum, skal umboðsmaður kröfuhafa boða til kröfuhafafundar í samræmi við ákvæði samnings þessa.
- 5.2. Umboðsmaður kröfuhafa skal, nánar tiltekið, boða til kröfuhafafundar eins fljótt og auðið er í eftirtöldum tilfellum:
  - a) Ef útgefandi eða veðgæsluaðili óskar eftir því, eða ef veðgæsluaðili boðar á veðhafafund;
  - b) í kjölfar vanefnda samkvæmt fjármögnunarskjölum, sem ekki hefur verið bætt úr, sem umboðsmaður kröfuhafa verður var við eða sem útgefandi hefur tilkynnt um;
  - c) ef 1/4 hluti kröfuhafa, miðað við fjárhæð, óskar eftir fundi;
  - d) ef staðfestingaraðili tilkynnir að hann muni ekki staðfesta skýrslu um lánaþekju eða skýrslu um fjárhagslegar kvaðir eða ef staðfestingaraðili hefur ekki sent umboðsmanni kröfuhafa niðurstöðu sína innan þeirra tímamarka sem tilgreind eru í samningi við staðfestingaraðila; eða
  - e) ef umboðsmaður kröfuhafa telur rétt vegna annarra atvika, sbr. og grein 5.1.

## 6. BOÐUN KRÖFUHAFAFUNDA

- 6.1. Umboðsmaður kröfuhafa skal ávallt boða alla kröfuhafa á kröfuhafafundi, en einnig er honum heimilt að boða útgefanda, staðfestingaraðila, veðgæsluaðila eða aðra aðila telji hann slíkt nauðsynlegt eða æskilegt vegna dagskrárliða.
- 6.2. Umboðsmaður kröfuhafa skal boða til kröfuhafafundar með að lágmarki sjö daga fyrirvara og að hámarki 21 dags fyrirvara. Dagskrá, tillögur og gögn skulu send kröfuhöfum með sama hætti og boðun með að lágmarki sjö daga fyrirvara.
- 6.3. Umboðsmaður kröfuhafa skal boða til kröfuhafafundar með tilkynningu til kröfuhafa í gegnum kerfi verðbréfamiðstöðvar. Umboðsmaður kröfuhafa skal tilkynna útgefanda um fyrirhugaða boðun kröfuhafafundar tímanlega til þess að gefa honum kost á því að uppfylla upplýsingaskyldu sína samkvæmt lögum nr. 108/2007 um verðbréfiðskipti. Þá skal umboðsmaður kröfuhafa tilkynna niðurstöður fundarins með sama hætti.

## 7. TILHÖGUN KRÖFUHAFAFUNDA

- 7.1. Umboðsmaður kröfuhafa ákveður dagskrá kröfuhafafundar.
- 7.2. Kröfuhafar skulu kjósa fundarstjóra og fundarritara á kröfuhafafundi. Fundarstjóri skal í upphafi fundar staðfesta hvort fundur sé ályktanabær.
- 7.3. Til þess að kröfuhafafundur sé ályktanabær þarf fundurinn að hafa verið boðaður í samræmi við grein 6 og fulltrúar að lágmarki 50% kröfuhafa, miðað við fjárhæð, að vera mættir á fundinn.
- 7.4. Ef kröfuhafafundur er ekki ályktanabær vegna ónógrar fundarsóknar skal umboðsmaður kröfuhafa hætta við fundinn og þegar í stað boða nýjan kröfuhafafund sem haldinn skal eigi fyrr en að sjö dögum liðnum, og eigi síðar en 14 dögum eftir þann fyrri. Sá fundur er ávallt ályktanabær, óháð fundarsókn, ef til hans var boðað með réttum hætti.

## 8. ATKVÆÐISRÉTTUR Á KRÖFUHAFAFUNDUM

- 8.1. Á kröfuhafafundi miðast atkvæðisréttur kröfuhafa við fjárhæð kröfu sem hlutfall af útistandandi fjárhæð verðbréfanna við lok dags daginn fyrir fund.
- 8.2. Ef upp kemur ágreiningur varðandi atkvæðisrétt kröfuhafa, þá skal fundarstjóri leysa úr þeim ágreiningi og er úrlausn hans bindandi fyrir alla aðila.
- 8.3. Útgefandi og aðilar innan samstæðunnar njóta ekki atkvæðisréttar vegna verðbréfa sem kunna að vera í þeirra eigu og skulu þau verðbréf ekki talin með við afmörkun samþykkishlutfalls.

## 9. ÁKVARÐANATAKA Á KRÖFUHAFAFUNDUM

- 9.1. Ákvarðanir á kröfuhafafundi skal taka með því hlutfalli atkvæða sem tilgreint er í samningi þessum.
- 9.2. Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum þarf samþykki 2/3 hluta atkvæða sem farið er með á kröfuhafafundi til ákvarðanatöku.
- 9.3. Ákvörðun um að gjaldfella kröfur þarfnast samþykkis meira en 1/3 hluta atkvæða sem farið er með á kröfuhafafundi.
- 9.4. Hafi gjaldfellingarheimild myndast vegna vanefnda á greiðslu höfuðstóls eða vaxta nægir þó samþykki meira en 1/10 hluta atkvæða sem farið er með á kröfuhafafundi.
- 9.5. Eftirfarandi ákvarðanir þarfnast þó samþykkis 9/10 hluta kröfuhafa í verðbréfaflokki, miðað við fjárhæð:
  - a) Breytingar á vaxtakjörum.
  - b) Breytingar á gjalddögum vaxta eða höfuðstóls, nema um sé að ræða einstaka tímabundnar undanþágur (e. waiver) sem ekki eru ákveðnar til lengri tíma en sex mánaða í senn.
  - c) Breytingar á uppgreiðsluheimild og uppgreiðslugjaldi.
  - d) Breytingar á höfuðstólsfjárhæð.
  - e) Breytingar á samningi þessum eða samningi við staðfestingaraðila.
- 9.6. Ef lögmætur fundur kröfuhafa samþykkir gjaldfellingu krafna, þá skal umboðsmaður kröfuhafa, svo fljótt sem verða má og eigi síðar en tveimur virkum dögum eftir kröfuhafafund, tilkynna veðgæsluaðila um slíka ákvörðun ásamt beiðni um að veðhafafundur verði boðaður til samræmis við ákvæði veðhafasamkomulagsins.
- 9.7. Ákvarðanir sem teknar eru á ályktanabærum kröfuhafafundi binda alla kröfuhafa.

## 10. BREYTINGAR Á UMBOÐSMANNI KRÖFUHAFU

- 10.1. Kröfuhafar geta tekið ákvörðun á kröfuhafafundi um að segja umboðsmanni kröfuhafa upp störfum og fela útgefanda að skipa nýjan í hans stað, með fyrirvara um samþykki kröfuhafa.
- 10.2. Vilji umboðsmaður kröfuhafa láta af störfum skal hann þegar í stað upplýsa útgefanda um það og skal útgefandi þá, eins fljótt og kostur er, skipa nýjan umboðsmann kröfuhafa, með fyrirvara um samþykki kröfuhafa.
- 10.3. Þegar útgefandi hefur skipað nýjan umboðsmann kröfuhafa, með fyrirvara um samþykki kröfuhafa, sbr. framangreint, skal útgefandi fara fram á það við fráfarandi umboðsmann kröfuhafa að boðað verði til kröfuhafafundar þar sem skipun hins nýja umboðsmanns kröfuhafa er lögð fyrir kröfuhafa til samþykktar. Verði tillaga útgefanda um umboðsmann kröfuhafa ekki samþykkt, skal útgefandi, í samráði við kröfuhafa eftir því sem efni eru til, skipa annan umboðsmann



kröfuhafa, með fyrirvara um samþykki kröfuhafa, og boða á kröfuhafafund með sama hætti. Samþykki kröfuhafafundur ekki þann umboðsmann kröfuhafa sem útgefandi hefur samið við, og ekki næst samkomulag milli útgefanda og kröfuhafa um annað, geta 1/4 kröfuhafa, miðað við fjárhæð, samið við nýjan umboðsmann kröfuhafa með fyrirvara um samþykki kröfuhafa í samræmi við það sem mælt er fyrir um í grein 10.6.

- 10.4. Umboðsmaður kröfuhafa sem lætur af störfum samkvæmt grein 10.1 til 10.3 skal laus undan skyldum sínum þegar nýr umboðsmaður kröfuhafa hefur verið skipaður í hans stað og fráfarandi umboðsmanni kröfuhafa tilkynnt þar um.
- 10.5. Missi umboðsmaður kröfuhafa hæfi sitt á samningstímanum, sbr. grein 3, skal hann tilkynna um slíkt til útgefanda og láta af störfum án tafar, og skal útgefandi þá, eins og fljótt og auðið er, skipa nýjan umboðsmann kröfuhafa með fyrirvara um samþykki kröfuhafa, sbr. og ákvæði 10.3.
- 10.6. Hafi útgefandi ekki samið við nýjan umboðsmann kröfuhafa 14 dögum eftir að honum verður kunnugt um að umboðsmaður kröfuhafa hyggst láta af störfum getur 1/4 kröfuhafa, miðað við fjárhæð, samið við nýjan umboðsmann kröfuhafa með fyrirvara um samþykki kröfuhafa, og borið undir kröfuhafafund til samþykktar. Útgefandi skal þó ekki verða ábyrgur fyrir þóknun hins nýja umboðsmanns kröfuhafa að svo miklu leyti sem samningur við hinn nýja umboðsmann kröfuhafa leiðir til verulega hærri þóknunar en samningur við fráfarandi umboðsmann kröfuhafa.
- 10.7. Þegar skipt er um umboðsmann kröfuhafa skal hinn nýi umboðsmaður kröfuhafa gangast undir að taka við öllum réttindum og skyldum umboðsmanns kröfuhafa samkvæmt samningi þessum með undirritun aðildaryfirlýsingar í samræmi við viðauka I við samning þennan.

## 11. SKAÐABÓTAÁBYRGÐ

- 11.1. Kröfuhafi sem grípur til aðgerða sem brjóta í bága við samning þennan skal vera skaðabótaskyldur í samræmi við almennar reglur.
- 11.2. Umboðsmaður kröfuhafa ber ábyrgð á störfum sínum í samræmi við almennar reglur. Umboðsmaður kröfuhafa ber þó ekki ábyrgð á óbeinu tjóni sem kröfuhafar kunna að verða fyrir. Þá ábyrgist umboðsmaður kröfuhafa að engu leyti greiðslur eða innheimtu krafna samkvæmt verðbréfunum.
- 11.3. Ábyrgð umboðsmanns kröfuhafa takmarkast þó almennt við þá fjárhæð sem hægt er að krefjast, og fæst greidd, úr starfsábyrgðartryggingu umboðsmanns kröfuhafa, sbr. grein 3.3, nema um sé að ræða tjón sem rekja má til ásetnings umboðsmanns kröfuhafa.

## 12. TRÚNAÐUR

- 12.1. Umboðsmanni kröfuhafa er skylt að gæta fyllsta trúnaðar um hvaðeina sem hann verður áskynja um í störfum sínum á grundvelli samnings þessa, nema fyrir liggi skýr lagaákvæði eða úrskurður þar til bærst stjórnvalds eða dómstóls sem skyldi hann til að láta af hendi slíkar upplýsingar. Trúnaðarskyldan helst eftir að umboðsmaður kröfuhafa lætur af störfum.
- 12.2. Trúnaðarskyldan tekur ekki til þeirrar upplýsingagjafar umboðsmanns kröfuhafa sem honum er nauðsynleg til að vinna þau verk sem honum eru falin í samningi þessum.

## 13. BREYTINGAR OG TILKYNNINGAR

- 13.1. Allar breytingar sem gerðar eru á samningi þessum skulu vera skriflegar og samþykktar af kröfuhöfum.
- 13.2. Nema kveðið sé á um annað í samningi þessum, skulu allar tilkynningar og önnur samskipti sem eru gefin út eða afhent vegna samnings þessa vera skrifleg (í bréfi eða tölvupósti) og skulu sendast til útgefanda og umboðsmanns kröfuhafa með sannanlegum hætti á eftirfarandi heimilisföng og/eða tölvupóstföng, til þess að þær geti talist gildar gagnvart gagnaðila:

(a) Ef til útgefanda:

Reginn hf.

vt. Helgi S. Gunnarsson

[helgi@reginn.is](mailto:helgi@reginn.is) og [reginn@reginn.is](mailto:reginn@reginn.is)

Hagasmára 1

201 Kópavogur

(b) Ef til umboðsmanns kröfuhafa:

Íslög ehf.

vt. Ástríður Gísladóttir hrl.

[astridur@islog.is](mailto:astridur@islog.is)

Ránargötu 18

101 Reykjavík

Tilkynna skal þegar í stað um allar breytingar á heimilis- eða tölvupóstfangi.

## 14. ÞÓKNUN UMBOÐSMANNS KRÖFUHAFNA

- 14.1. Útgefandi einn ber skyldu til að greiða umboðsmanni kröfuhafa vegna starfa hans og skulu þeir gera með sér samning um þóknun til handa umboðsmanni kröfuhafa vegna starfa hans á grundvelli samnings þessa.

14.2. Útgefandi skal jafnframt bera allan eðlilegan útlagðan kostnað af störfum umboðsmanns kröfuhafa.

## 15. LÖG OG VARNARÞING

15.1. Um samning þennan gilda íslensk lög.

15.2. Rísi mál út af samningi þessum, skulu aðilar leitast við að leysa ágreining með samkomulagi sín á milli, en náist ekki að leysa úr ágreiningi með samkomulagi skal reka málið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

## 16. GILDISTÍMI

16.1. Samningur þessi tekur gildi við undirritun og fellur sjálfkrafa niður þegar allar kröfur samkvæmt verðbréfunum hafa verið greiddar upp að fullu.

## 17. ANNAÐ

17.1. Tilvísanir til löggjafar skulu taldar fela í sér tilvísanir til þeirrar löggjafar eins og henni kann að hafa verið breytt og reglna sem kunna að hafa verið settar með stoð í slíkri löggjöf.

17.2. Tilvísanir til sérhvers aðila skulu (þar sem við á) vera álitnar tilvísanir til eða eiga við um eftirmenn þeirra.

17.3. Fyrirsagnir í samningi þessum eru eingöngu til skýringar og fela ekki í sér efnisatriði í meginmáli hans.

17.4. Öllu framangreindu til staðfestingar undirrita aðilar samning þennan með rafrænum hætti í samræmi við lög nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti. Kjósi aðilar að undirrita viðauka þennan á pappír skal það gert í votta viðurvist.

[undirritunarsíða fylgir]

Reykjavík, 13. október 2022

Fyrir hönd Reginn hf.



---

**Helgi S. Gunnarsson**  
Kt. 070960-2819


Fyrir hönd Íslög ehf.



---

*Vottar að rétttri dagsetningu, fjárræði og undirskrift aðila:*

Dagbjört E. Einarsdóttir, lögmaður  
Kt. 131080-3289



## VIÐAUKI I.

### FORM AÐ AÐILDARYFIRLÝSINGU UMBOÐSMANNS KRÖFUHAFA

[Kröfuhafar]

Reginn hf.  
Hagasmára 1  
201 Kópavogur

[staður og dagsetning]

#### Aðildaryfirlýsing umboðsmanns kröfuhafa

Vísað er til umboðssamnings, dags. [•], fyrir [auðkenni flokks]. Hugtök sem skilgreind eru í umboðssamningi skulu hafa sömu merkingu og þeim er þar gefin.

Í samræmi við ákvæði umboðssamnings hefur undirritaður verið skipaður umboðsmaður kröfuhafa og tekur sem slíkur við því hlutverki, ásamt öllum þeim réttindum og skyldum sem því fylgja, og staðfestir það með undirritun sinni á yfirlýsingu þessa.

Fyrri umboðsmaður kröfuhafa skal við undirritun yfirlýsingarinnar leystur undan þeim réttindum og skyldum sem hann hafði sem umboðsmaður kröfuhafa, að því undanskildu að hann ber áfram ábyrgð á ráðstöfunum sínum sem hann framkvæmdi sem umboðsmaður kröfuhafa.

Allar tilkynningar og önnur samskipti sem eru gefin út eða afhent skulu sendast til umboðsmanns kröfuhafa með sannanlegum hætti á eftirfarandi heimilisfang og/eða tölvupóstfang, sbr. ákvæði 13:

[Umboðsmaður kröfuhafa], [Heimilisfang] [Tölvupóstfang]

[staður og dagsetning]

Fyrir hönd umboðsmanns kröfuhafa

\_\_\_\_\_

[Framangreint staðfest sem fyrri umboðsmaður kröfuhafa]

\_\_\_\_\_

Vottar að réttri dagsetningu, fjárræði og undirskrift:

